C 26

Viljinn

No 8

# Viljinn

gefinn út af

Lestrarfjelagi Miklabæjarsóknar

6. árgangur 8. blað

16. marz 1904

Ritnefnd

Elinborg Björnsdóttir Rannveig Hansdóttir
Jóhannes Jónsson Jónas Jónasson

## Til uppfyllingar

Hvert skal halda? Hvert er midid?
Hver hefur æfiþrádinn spunnid?
Svona hefur helftin lidid,
harla lítid samt er unnid.
Ekki er von ad vel mjer gangi
vídan stakk úr engu ad snída.
Útá lífsins vídavangi
vegalaus jeg hlýt ad strída.
En hver mun halda í horfi rjettu
ad hinstu stundu jafnt med megin
og hver mun á med lyndi ljettu
líta um öxl á farna veginn?
Þeir eru fáir, því er midur.
Þrátt í ödru spori stöndum.
Hræsni og gamall hundasidur,
hefta oss í þrældómsböndum.
Æfin mín er öfugstreymi.
Æsku minnar nú jeg sakna.
Finnst mjer einatt illa dreymi.
Æ en hvenær mun jeg vakna?

Jónas Jónasson

## Lestrarfélögin.

—o—

Allir vita ad líkindum hver tilgangur Lestrarfélaganna er, n.l. sá: ad veita mönnum á léttan hátt ad fá bækur til ad lesa og afla sér fródleiks og skemmtunar. Það er því adal hlutverk félaganna, ad fá gódar og gagnlegar bækur. Eigi nú félagid all-mikid af bókum og kaupi flestar þær bækur, sem út eru gefnar, þá er þad audid ríkt og reyndist vera mikid félag. En þá er aldeilis óvíst hvort félagid hafi med bókaeigninni nád sínum rétta tilgangi. Hinn rétti tilgangurinn

félagsins en að fræða menn og menta. Skilyrðin fyrir þessu er að menn hagnýti sér bækurnar á réttan hátt.

Lestrarfélögin eru mikið góð, nái þau tilgangi sínum.

Ég hefi tekið eftir því, á ferðalagi mínu, að þjóðin kann ekki líkt því eins vel að lesa og látið er yfir. Ég hefi verið samtíða mörgum ungum mönnum, sem eru að eins stautandi — geta ekki lesið neinar íslenzkar bækur. Ekki er það betra hjá blessuðum stúlkunum og eru það víst æði-margar, sem aldrei líta í bók eftir fermingu — nema helst skáldsögurusl. Þetta fólk er fjarska óupplýst; bækurnar eru því alveg gagnslausar, en við erum það sem við erum og verðum það sem við verðum, mest fyrir bækurnar, því þær eru ekkert annað en reynsla og lífs þjóðanna, sett í letur.

Þegar það fólk, sem annaðtveggja vill ekki eða getur ekki hagnýtt sér bækurnar, ætlar að fara að taka á móti lífsreynslunni og fylgjast með tímanum, verður það sí og æ því þeim mun þyngri byrði en vera skyldi, og það eitthvað meira og minna á eftir tímanum. Það skilur ekkert í mörgu því, sem því væri nauðsynlegt að skilja, og bækurnar verða því leiðinlegar.

Eitt það helsta, sem ætti

ad lagfæra slíkt, hjá þessu
fólki, er Lestrarfélögin.

Þad getur vel verid, ad sum-
um finnist ég of hardur dóm-
ari nú, en ég bid alla þá
hina sömu ad fá sér rit-
gjörd <u>"Um alþýdumenntun"</u>
eftir Einar Hjörleifsson, lesa
hana med athygli og vita
hvernig fer þá. —

Ég hefi einna mest ordid var
vid ad kvennfólk hefur ekki
viljad sjá annad en sögur —
skáldsögur helst — þegar ég var
vid Ísafj.djúp; enda var
þad ákögr óupplýst margt
af fólkinu þar. Og einu lestr-
arfélagi kynntist ég, sem átti
til fleiri ára óuppskornar
bækur — en þad voru <u>frædi-
bækur</u>!

Í einu tilliti eru Lestrarfél-
slæm. Þau eru slæm fyrir
alla útgefendur bóka. En ég
ber svo gott traust til lestrar-
félagsins í Miklabæjarsókn,
ad þad láti mig ekki gjalda
tilveru <u>sinnar</u>, í þessu tilliti.

---

Nú sný ég mér beint ad Lestrar-
félaginu í Miklabæjarsókn. Þad
hefur verid talsvert fjör og líf í
þessu félagi. Þad á all-mikid af
bókum og ég vona, ad þær hafi
verid lesnar vel, því fólkid er
ad minni hyggju vel lært, í
þeirri sókn. En naumast mun
þad vera búid ad ná tilgangi
sínum ad fullu. Séu medlimir
allir ordnir kunnir hverri
nýtri bók, svo sem Íslend-
ingasögum og Mannkynssög-

umni og slíkum bókum, sem helst
segja frá lífi þjóðanna, og geti
fært sér þetta meira og minna í
í nyt, — þá fylgja menn tímir
med tilganginum og ná honum
fyr eda sídar. En sé svo, ad sumt
af fólki lesi ad eins med at-
hygli sögur bókanna, svo
sem skáldsögur og þvíumlíkt, þá
er hætt vid, ad hinir sömu fari
á mis vid þá frædslu og þá
sömu skemmtun, sem Lestrar-
félagid hefur ad bjóða. — Helstu
skilyrdin, fyrir því, ad hvert
Lestrarfélag geti stadist med
fjöri og lífi, eru þessi:
Fundir, og ad þeir séu vel
sóttir; forstödumenn félags-
ins séu viljagódir og þraut-
seigir; sé farid vel med bæk-
urnar og þær séu látnar ganga

leid sína eftir föstum reglum og ad
allir medlimir séu fúsir til ad
greida sem best fyrir gangi þeirra.
Þær mega hreint ekki liggja of
lengi á sama stad, því þá kemur
strax fram óregla; — Bókasafnid
þarf ad geymast á gódum stad og
hver bók med númeri og bóka-
skrá yfir allar í deildum. En
umfram allt þyrfti félagid ad
eiga einhversstadar höfdi ad halla,
þegar þad vill tala saman eda
halda samkomur. En Lestrar-
félag Miklabæjarsóknar, vantar
algerlega fundahús; og hefur hús-
leysid stadid því átakanlega
fyrir þrifum. Eg hefi þá skodun,
ad hefdi fél. átt hús í upphafi
tilveru sinnar, ad þad nú hefdi
verid ordid ríkt. En ad geta
eignast slík hús, ~~er~~ meira en

að eins að benda á það. En
ekki er það ókleyft. Góður vilji
og góð samtök, geta ávalt mikið.
Skal ég leyfa mér að rita um
þetta nokkur orð, sérstaklega.
— Nú hefur „Viljinn" gengið
um garð allt af síðan Lestrar-
félagið var stofnað, og það sýkk-
ur til hróss í Miklabæjarsókn.
Ég er viss um að blaðið hefur
bæði beinlínis og óbeinlínis, unnið
talsvert gagn, með því líka að
það hefur veitt mikla skemmtun.
Ættu menn að keppa kapp um
að gera það svo vel úr garði,
sem frekast er unnt og ekki
láta smá yfirsjónir verða
því að meini. —

Ritað í janúarmán. 1904.

Baldvin Bergvinsson.



ef ekki vantaði áræði. Aldeyjar-
foss, þykir mjög tilkomumikill og
fagur; hafa útlendingar dáðst að
honum; en fáir hafa séð hann
því hann er langt frá öllum
vegi. Hann er því eins og olnboga-
barn fossanna á Íslandi, en er
einn með þeim merkari.
Goðafoss, er tröllslegur foss; ekkert
fallegur, en stórkostlegur. Í kyrru
veðri, heyrist til hans afar-langt.
Nokkrum föðmum neðan við hann,
er brúin á Skjálfandafljóti. —
Þegar ég fór um Suður hluta
sýslu þessarar, nú í haust, blöskr-
aði mér fólksleysið. Þar sem áður
sumst. var um 12 manns í heimili, var
nú hjón með börnin sín 3–6.
Mér virtist bæirnir hálftómir, á
móti því, sem áður var. Beitar-
hús að hverfa úr sögunni, sem
voru áður að kalla á hverjum
bæ; — auðvitað standa þau víðast
og sumstaðar tvenn á bæ. Yfir
fólksleysinu var mjög mikil
umkvörtun, sem vonlegt var,
og fannst mér fullkomið Ame-
ríkuhljóð í sumum bændum,
að eins vegna þessa. Sögðu
þeir sumir, að að því mundi
reka, að jarðirnar saman færu

í eyði. Bæði fengist ekki vinnandi fólk og svo væri það svo afardýrt — karlmenn með 15 kr. t.d. á hv. viku af slætti. Einn bóndi í Bárðardal, sagðist hafa orðið að borga kaupafólki sínu öllu, næstliðið sumar, á hverja viku 130 krónur; þar með reiknaði hann fæði; 5 kr. karlm. en 3 kr. kvennmanns á viku. — —

Mér þótti einkennilegt og um leið eftirtektarvert, að hjá öllum í fram-Bárðardal (Lundarbrekkusókn) væru allar klukkur og öll úr alveg eins. Þeir hafa gert það að lögum, sín á milli. Að öllum samkomum sínum, eru þeir líka mínútumenn og í mörgu fl. — Slík regla, ætti að komast víðar á. Í Blönduhlíð, ætti hún að ganga greiðlega — þar er svo þéttbýlt — en hefir mikið gagn í sér fólgið. Eitt okkar stærsta mein, er óreglingurinn á tímanum. —

Það getur vel verið, að sumir hneykslist á því, þegar ég segi, að Þingeyingar séu menntaðastir af landsmönnum. En hver sá, sem fer um Suður-Þingeyjarsýslu og kynnist fólki yfirleitt og tekur vel eftir öllu, hlýtur hiklaust að játa, að svo sé. — —

Þá hefi ég nú afar lítið farið yfir Þingeyjarsýslu og að eins minnst á það, sem mér fannst á einhvern hátt sérkennilegt og þessu líkt, fór ég líka um Múlasýslurnar.

Um Eyjafj., Skagafj. og Húnavatnssýslur, segi ég fátt, að eins minnist lítið eitt á þær í yfirliti síðast í ritgerðinni, og sný mér því að Strandasýslu og Ísafjarðarsýslum

## III.

## Strandasýsla.

Hún dregur nafn sitt af því, að hún er strandlengjan öll með vestanverðum Húnaflóa. Hún er sæbrött og víða allhá fjöll. Skerast margir firðir þar inn í fjöllin og í þeim er aðal-byggðin. Á sumrum fjörðunum þessum er fremur fallegt, en þegar norðan kemur, stýflast firðirnir og verða að eins smá víkur. Mér finnst, ætli maður að reyna að vera sannorður, verði að skifta sýslu þessari í tvennt, t.d. um Hólmavík. Fyrir innan þann stað, er meiri byggð, stærri firðirnir og sá partur mun

þjóðvegum og samgöngulífi öllu,
hefur því sá partur sýslu þessarar
orðið fljótari fyrir straumnum
samlífsins, straumnum menn-
ingarinnar. Nyrðri hlutinn
aftur á hinn bóginn orðið tals-
vert útundan; bæði er hann
miklu fjær, en aðallega gerir
mest til, hversu illt er að kom-
ast þar um á landi; sumstaðar
að kalla ófært með öllu á vetrum
og langt á milli bæja; víða snar-
brött fjöll ofan í sjó. Þar er
bæði landslagið ljótt og veðrátta
ill. Þar kom ég 4. okt. næstl. ár.
voru þá víða töður enn á tún-
um; en þá daga næstu, svældu
menn inn heyjum, náttúrlega
voðalega skemmdum. Þar er
vetur langur; óvíða lengri hér
á landi. Ég var hissa, í fyrsta
sinn er ég fór þar um, að menn
skyldu búa þar. Skagfirðing-
um brigði við að búa þar.
Samt líður mönnum þar furðu
vel; landkið er ágætt, þegar til
þess nær og svo fá þeir talsvert
úr sjó. — Ég hefi tekið eftir því,
að á öllum þessum útkjálkum
landsins, er fólkið miklu

ófríðara og ófimara, rétt eins
og veðráttan sé búin að stimpla
það, með dagfari sína. Þarna
norðan til á Ströndum, er fólk
svo undarlíkt náttúrunni: Það
er ófrítt og slánalegt, eins og
landslagið og fremur ókurteist,
eins og tíðarfarið. Samt er það
sjálfsagt gott í eðli sína. Það
vantar upplýsingu og menn-
ingu, og það blandist meira sam-
an við annað fólk úr héruðum.
Samt er nú talsvert farið
að breytast í þessu tilliti. Bæði
er verslunarlífið orðið betra
og hægra; svo eru bæði karlar
og konur að smá fara á skól-
ana og flytja svo aftur heim
með sér menningu og lærdóm.
Hólmavík, er í Steingríms-
firði. Þar er fastaverslun, úti-
bú frá Borðeyri. Þar var
talsvert fjör og líf og fólk
fremur skemmtilegt og mann-
legt og svo mun vera í innri
hlutanum öllum; andreitað dá-
lítið mismunandi. Þar eru
víða stórbýli, rausn og fram-
farir. Jarðabætur sumstaðar
miklar, og byggingar stórar.

Á Hólmavík er alþingismað-
ur Strandamanna. Hann heim-
sótti ég, og þótti skemmtilegt.
Virtist hann fremur hægfara
og stillilegur maður; talsvert öðru-
vísi, en ég var búinn að hugsa
mér hann.
Þegar kemur norður fyrir
Strandirnar og fer að beygjast
vestur með landsendanum, kem-
ur

## IV. Ísafjarðarsýsla.

Ísa, fjar

Hún dregur nafn sitt af Ísa-
firði, sem er innst inn í Djúpi;
einn landnámsmaðurinn leit
þann fjörð fyrst fullan af ís,
og nefndi hann Ísafjörð.
Norðan í áðurnefndum lands-
enda er byggð. Þar er Horn-
bjarg, hrykalega hátt, og Horn-
vík, sem búið er í. Vestar
er Aðalvík (stór vík), þar er
talsverð bygging; kirkja er
þar og barnaskóli. Rétt
þar fyrir vestan kemur hið
mikla Ísafjarðardjúp, sem
liggur til suðausturs inn í

landið. Það er hjámandi fal-
legt að sigla um það, en ekki
eins fallegt á landi. Allstaðar
er mjög sæbratt í kringum
Djúp, og að sunnanverðu í því
skera sig all-margir firðir inn
úr því. Skutulsfjörður, heitir
ysti fjörðurinn, sem næst er hafi.
Þegar siglt er inn í Djúpið
beint úr hafi, er sá fjörður
beint á móti manni, komi
maður að austan með landi.
Á þeirri leið inn á fjörðinn, eru
tvær all-stórar víkur þá til
hægri handar: Bolungarvík
og Hnífsdalur; en á vinstri
hönd, breiður fjörður en stutt-
ur, sem heitir Jökulfirðir, því
inn úr honum að norðan, liggja
nokkrir mjög smáir firðir. Þessi
leið, sem farin er á þenna hátt,
liggur vestar en í hásuður og
er fremur stutt inn á Skutuls-
fjörðinn. Í honum er eyri,
sem nærri því lokar fjörðinn
og liggur í boga og myndar
dálítinn poll fyrir innan sig;
á þessari eyri stendur Ísafjarðar-
kaupstaður!, sem með öllum rétti
ætti að heita Eyri við Skutuls-
fjörð og mun hann vera nefndur

svo í Stjörnartíðindunum (að mig minnir). Enda hefur þetta réttlausa nafn valdið því, að skip hafa stundum siglt inn allt Djúp og inn í Ísafjörð — en ekki fundið þar neinn kaupstað! Skutulsfjörður er mjög stuttur og má heita ein höfn; enda þarf hann að taka oft á móti tugum skipa í einu. Hann er mjór og há klettafjöll ofan í sjó á báðar hliðar. Þessu líkt, eru allir firðirnir þarna megin í Djúpi; undirlendi ekkert, að eins á sumum stöðum, rétt þar sem bæjirnir standa. Byggð er engin upp frá sjó; taka við fjöll strax og sjór endar í fjörðunum.

Sjóndeildarhringurinn er því mjög krappur í fjörðunum og leiðist aðkomumönnum það fljótt, sem hafa vanist stærri héruðum. — Næst Skutulsfirði, er Álptafjörður, þá Seyðisfjörður, þá Skötufj., Ögurvík, Mjóafjörður, Vatnsfjörður (að eins vík) og innst Ísafjörður, og er hann lengstur þessara fjarða.

Fyrir botni Djúpsins, nálægt því sem Ísafj. sker sig inn í landið, er Arngerðareyri; þar er Aðalbjörg frá Miðhúsum.

Þegar kemur inn fyrir Jökulfirðina, liggur all-löng strönd inn með öllu Djúpi þeim megin. Norðast er Snæfjallaströnd og er hún á og á, með fönnum, stundum ofan í sjó, eins og n.l. sumar. Þar býr Guðmundur lækn. Jónsson frá Brennigerði, mjög fátækur maður. — Tvær eyjar byggðar eru í Djúpinu; Vigur, fram undan Skötufirði; þar býr séra Sigurður bróðir Stefáns kennara á Möðruvöllum. Og Æðey, fram undan Snæfjallastr. innst. Æðarvarp er í eyjum þessum, en miklu meira í Æðey; í eyjunum er ljómandi fallegt. — Yfirleitt er þorpsbygging við Djúp, líkt og er í Suðurnesjum. Í sumum fjörðunum eru bæir á strjáli líkt og er í sveit. Stærstu byggingarnar eru í Bolungarvík og Hnífsdal þar eru líka verzlanir, skólahús og fl. Þá eru þorpsbyggingar í Álptafirði, Arnardal,

Snæfjallaströnd, Hesteyri og Grunnavík í Jökulfjörðum.
Á Hesteyri og Arngerðareyri eru verzlunar útibú frá Ísafirði (Ásgeirsverzlun). Á Hestfirði, Veiðileysufirði og Álptafirði, eru hvalstöðvar Norðmanna; er það stórkostlegt og svipmikið verk að sjá þann útbúnað allan og vélarnar í hamförum. Hesteyrar hvalstöðvin er lang fallegust og mannvirki mest í kring; hún er sú yngsta þar við djúp. Í Álptafirði eru þær tvær. Önnur er á Dvergasteini og þar er líka verzlun dálítil hjá þeim Norðmönnum. — Verzlanir á Ísafirði eru 10; og smáverzlanir þar að auki. Ásgeirsverzlun er stærst; máske sú stærsta á landinu.
Frá þeirri verzlun gengur allt af lítið gufuskip um Djúpið og hvekkur varla til, „Ásgeir litli" er það nefnt. Annað gufuskip á verzlunin „Ásgeir Ásgeirsson" eða „Ásgeir stóri"; það er þrímastrað skip stórt og gengur allt af á milli landa. Þessi verzlun á

fjöldann allan af fiskiskipum og ýmsa skipsskrokka stóra, sem sumir eru hafðir sem pakkhús og drettgrir stundum á milli staða í Djúpinu. „Bólverk" eða stóra bryggjan, á verzlunin, sem öll skip geta legið við. Hefi ég séð „Heklu" (varðskipið) liggja þar við. — Leonh. Tang's verzlun er næst þessari að stærð. Hún á skip sem ganga bæði til fiskveiða og (2) hákallaveiða. Hún á brauðsöluhús, Gosdrykkjaverksmiðju og berjávtsykur verksmiðju. Hún á bryggju, sem öll seglskip liggja við. Þessar báðar verzlanir selja áfengt vínföng.
Verzlun Á. Ásgeirssonar, á fjöldann af húsum, eru sum af þeim þau elstu, sem til eru nú hér á landi — síðan 17. hundruð og eitthvað. Það eru konungleg byggingar. Ég held þau geti staðið meðan heimurinn stendur, svo eru þau rammgerð. — Verzlunarbúðir eða deildir, eru 5 við þessa verzlun: gamla búðir, aðal-búðin, dömu búðin,

fatasölubúðin og vín- og vindla-
búðin. Saman þessar búðir eru í
sama húsi. Verzlunarstjórinn
er Árni Jónsson, einhver hinn
kurteisasti og mesti maður í
þeirri stöðu, sem jeg hefi þekkt.
Hann á afar-mikið í verzl-
aninni. Kaupmaðurinn Ásg. Ásgeirs-
son er gróssérí, sem dvelur allt
af í Khöfn, nema um há-sum-
arið er hann á Ísafirði. Það
þarf ekki nema að sjá hann í
svip, til þess, að sannfærast um,
að hann er einn af beinum þeirra
manna, sem lifa í vellistingum
heimsins og hold af þeirra holdi.
En allur þessi stóri mismunur í
mannlífinu, jafnast algerlega í
kirkjugarðinum! Þar verða menn
svo náttúrlega líkir.
Til þessa tíma, hefur verzlunin
á Ísafirði verið harla lík ein-
okunarverzluninni gömlu, en
nú er talsvert fjör og líf að
færast yfir samskiftalífið, síðan
smá-verzlanirnar fjölguðu.
Og n.l. sumar bar mest á þessu.
Skúli Thoroddsen rekur verzl-
un þar, en hún er engin fyrir-
mynd! þótt hún hafi máske
átt að verða það í fyrstu.

Fransk. [illegible]



Skipakví, en dálítil á Ísaf.; í
henni geta legið 6 – 8 smáskip
yfir vetur. Vatnsleiðsla er kom-
in um allan bæinn og inn í
öll stærri hús og er allt af verið
að leiða vatnið í fl. og fl. hús. Það
er mjög mikil framför, því vatn
var þar illt og næstum skaðlegt.
Vatnið er leitt ofan úr fjalli í
vatnspípum, langt niður í jörðu.
Engin númer eru þar á húsum
og engin götunöfn uppfest, svo
ókunnugir eru oft í vandræð-
um að rata um bæinn og mörg
fl. óþægindi sem stafa af því.
Pólití (lögregluþjónn) er þar
aðeins eitt. Luktir (götuljós) eru
þar of fáar. Spítali (sjúkrahús)
er þar all-góður; bæjarþinghús;
tukthús; hotel „Nordpolen“; tvö
brauðgerðarhús; templarahús;
myndastofuhús; barnaskóli;
íshús; og náttúrlega kirkja. Falleg-
asta húsið er Myndastofan, það á að
heita skrauthýsi. Yfirleitt eru
hús þar fremur ljót og rugling-
lega niður sett. Nú í seinni tíð
er samt verið að laga það með
nýjum byggingum. 10 hús voru
byggð þar n.l. sumar og þá fyrsta

steinsteypuhúsið, tveggjatasin (tvílyft) hús. Það er úr tómri sandsteypu upp í gegn og öll skilrúm úr því sama. Það er mikið hús að sjá og mun standa afar-lengi, ef ekki koma jarðskjálftar; en þar koma þeir svo sem aldrei. Svona sandsteypu hús eru sumir farnir að byggja; en það er algjörlega vitlaus bygging fyrir okkur Íslendinga; því hún er afarköld og rakasöm. Ættu menn að kynna sér vel byggingar-gjörð herra Jóns Þorlákssonar, sem stendur í Búnaðarritinu XVII. árg. Það er sjálfsagt heppilegasta byggingarlagið úr steini eða steypu.

Yfir sumartímann er mikið fjör og líf á Ísafirði. Þar er sigling mikil, svo varla mun vera vinnt að sjá nokkurntíma fjörðinn skiplausan. Þar er ávallt einhver skip á siglingu og vanalega mörg inni liggjandi við akkeri. Um v.l. Hvítasunnu voru rúm 60 skip á höfninni. Allar samgöngur eru á sjó, svo það er ekki að undra, þótt fjör og líf mikið sé á sjónum. Og aðalatvinnuvegurinn er sjórinn eða fiskveiðin; enda er fjöldinn allur af fólki, sem er við fisk á sumrin (fiskverkun). Það er mín skoðun, að fari

svo, að komi nokkur fiskleysisár við Ísafj.djúp, að þá muni allt breytast þar, sem nú er, frá almennu sjónarmiði. Nú hin síðustu árin, hefur fiskveiði verið mjög mikil á opnum skipum og menn lifað „flott", og nógir peningar manna í milli. En þetta tvennt hverfur algerlega við breytinguna og var farið að bydda talsvert á því strax í haust er leið. Á sumrin sýndist manni allt snúast um fisk, á Ísafirði. Því hann var stóra hjólið, sem kom öllu af stað.

Stærsta, fjölmennasta útróðrarstöðin er Bolungarvík og sjálfsagt hvergi á öllu landinu slík. Þar er allt komið á hæsta stig eða fullkomnasta: viðurgjörningur sjómanna; sjóbúðir; skip og veiðarfæri, og allur útbúnaður. Það hefði verið fróðlegt og skemmtilegt að lýsa nákvæmlega öllu slíku í þeirri veiðistöð, en það útheimti mikið mál og er því ekki hægt hér. — —

Nú er búið að skifta Ísafjarðarsýslu í tvær sýslur og er annar hlutinn allur fyrir vestan eða sunnan þetta við, sem ég hefi nú talað um. Þar þekki ég lítið til. En ég veit það, að í ýmsum málum kom ekki þessum tveimur pörtum saman og mjög erfitt fyrir Vesturhlutann að sækja fundi til Ísafjarðar. Og eitt er víst, að það mun verða léttara yfir þeim

í vestur hlutanum; þeir eru frjáls-
legri, mannlegri og snyrtilegri í
öllu tilliti. Á kjörfundinum á
Ísafirði sumarið 1902, gat ég hér um
bil þekkt þá alla úr, og þó var ég
að eins búinn að vera rúma viku
á Ísafirði. Þeir eru að kalla
allir Heimastjórnarmenn; hefur það
máske líka haft sín áhrif á sýslu-
skiftin. — Í þessu sambandi vil ég
minnast á flokkarig þann, sem
of mikill hefur verið í sýslum
þessum. Það hefur verið — og er
jafnvel enn — ákaflega mikið stað-
fest djúp þar á milli flokka. Það
hefur oft verið riskingasamt í
þessum sýslum eða sérstaklega við
Djúp (Norður sýslunni); en fyrst
fór skörin að færast upp í bekk-
inn, þegar Skúli Thoroddsen var
þar sýslumaður. — Í sannleika
talað, hefur á Ísafirði verið
nokkurskonar „klikkja", sem
hefur haft máske ekki sem
best áhrif. Ásgeirsverzlun og
jafnvel Leonh. Tang's verzlun
líka, hafa að miklu leyti verið
orsök í þeirri „klikkju". Í stuttu
máli, hafa menn þeir á Ísafirði,
sem mest hafa haft völdin og

verið ríkastir, myndað sérstakan
flokk, sem ekki hefur verið við
alþýðu hæfi. Þegar Skúli kom,
sem nýr af nálinni, trúðu menn
á hann, sem máttugan guð. Hann
var örgeðja og hefur ætlað að
beita bæði valdi sínu og hygg-
indum, til þess að láta almenni-
lega kveða að sér sem valds-
manni. Og í fyrstu vildi hann
hag, hinna minni máttar. Hann
sá strax, að hinar fáu verzl-
anir höfðu miður góð áhrif
á velmegun manna og jafnvel
notuðu sér fátækt og sjálfstæð-
isleysi einstaklingsins; þetta ætl-
aði Skúli gamli að kveða niður
með frekju og valdi. Alþýðan
tók því tveim höndum á móti
þessum valdsmanni sínum og
þann og sá, að hann rétti við
ýmislegt, sem illa fór. En Skúli
var ekki nógu góður maður, til
þess, að jafna alla hnekki, og
gerði sig sjálfan sekan í því,
sem hann þá útbúðaði aðra
fyrir. En hann gerði eitt:
hann æsti upp kaupmenn og
ýmsa fl. kraftmenn, með frekju
sinni, svo flokkur þeirra

stækkaði að mun. Svo kom á gang þetta alkunna Skúlamál, sem allir hafa meira og minna heyrt um — og kveikti eld í öllu samlífi sýslubúa. Alþýðan fann, að það var ekki rétt, að svifta hann sýslunni, fyrir litla yfirsjón, svo hún varð enn fastari við hann, og svo fast á tímabili, að hún sá enga ókosti hans. En mótstandendur hans notuðu sér ófarir hans og stóðu enn fjær honum en áður. Þetta flokkshatur eitraði út frá sér á allar lundir og náði til allra jafnt, frá barninu til gamla mannsins. Eg hef heyrt börn annaðhvort níða Skúla eða lofa hann, líka svo hvern fólk á öllum aldri. — Af þessu getur maður séð, hvernin áhrifin hafa verkað í báðum flokkum og það siðspillandi.

Í verzlunarlegu tilliti, hefur Skúli farið fremur illa með menn sína, en það er nú að eins fyrst, sem þeir eru færir að sjá það. — Það er í raun og veru eðlilegt, þótt stórhuga maður, eins og Skúli er og hefndargjarn, hafi húðflett mótstöðumenn sína, og það því fremur, sem hann fann og vissi, að landstjórnin gerði honum órétt; og hann líka kunni vel að hagnýta sér ísfirsku alþýðuhyllina, í þessu tilliti.

Það er nú ekki nein furða, þó hnútukast sé á milli „Vestra" og „Þjóðviljans", þegar þau blöð eru málgögn þessara gagnólíku flokka. Heldur ekki að undra, þótt Hafstein sýslumaður, eigi í vök að verjast, þar sem Skúli reis strax upp á móti honum. Og enn, þótt bitjótt sé í pólitíkinni þar vestra. Hafstein sýslumaður, nú ráðherra okkar, er vænsti maður og mér reyndist hann mjög samvinnusamur í öllu tilliti. Eins er ekki gott að dæma Skúla karlinn hart, þótt hann sé hvassyrtur, því margt hefur orðið til þess að egna hann. En enginn ætti að festa trúnað á skammir hans til Hafstein, því þær eru langt frá sannleikanum og ég hef andstyggð á þeim öllum. Eins þykir mér „Vestri" frekur í garð Skúla. — Það er ávallt svona, þegar fjandinn er

kaninn í spilið. — —

Kaupstaðarlífið á Ísafirði, er líkt og annað kaupstaðarlíf. Þótt glaumur og gleði sé mikil í kaupstöðunum, þá eru það margir, sem hafa alist upp og verið lengst af æfinni, í sveitinni, er fá fremur leiðindi á þeim stöðum. Fyrst og fremst er það, að maður verður að eiga þar snoturt hús og nóga peninga, eigi dvölin þar að þykja góð. En í raun og veru er engu dýrara líf, kaupstaðarlífið; en það verður dýrara, ætli maður að fylgja tískunni algerlega.

Skemmtanir eru stundum tíðar og um leið nokkuð dýrar. Svo er sem hvert heimili þar, sé að nokkru leyti eins og almenningur, sem allir ganga um. Heimboð og ýmislegt, sem dregur mann bæði sjálfrátt og ósjálfrátt út í straum kaupstaðarlífsins. Lífið verður í stuttu

máli þar á allt annan veg og í sveitinni. Það verður ekki eins heimulegt, ekki eins innihaldsríkt, né rólegt, sem í sveitinni. Það líkist meira eintegri samkomu: glaumi og hringlanda. — En það getur verið skemmtilegt, og það er einmitt sá þátturinn, sem unga fólkið girnist. — En hégómagirnin og ~~og~~ stefnuleysið eiga þar að fullu heima; og hefi ég tekið eftir því, að ungt fólk, ómentað, sækir þangað fullan mælir af slíku góðgæti, og hefir það sem áhallt nesti með sér út í lífið.

Ég fyrir mitt leyti, álít að ekkert líf í heimi sé eins gott og elskulegt, sem gott sveitalíf. —

Fólkið, í þessum sýslum, sem ég hefi nú síðast talað um, er ákaflega blandað, svo ég get varla ímyndað mér það eins annarstaðar á landinu. Það eru auðvitað til pláss þar, sem lítið ber á blönduninni, svo sem: Hornvík, Aðalvík, Snæfjallaströnd, Skálavík og fl.

Á þessum stöðum, er fólkið

gatt, en órkäp óupplýst og
ósmekklegt og sérkennilegt.
Fiskveiðin og hvalveiðin, hafa
dregið að sér þar úr öllum átt-
um fólk, sem hefur blandast
saman við héraðsfólkið og haft
mikil áhrif. Mest ber á þessu
í kringum hvalastöðvarnar.
Þar tala hér um bil allir, ungir
og gamlir, þegar svo ber undir,
norsku eða blandaða dönsku
og hefur talsvert mannast á
ýmsan hátt. — Í stuttu máli
líkist fólkið í þorpsbyggðing-
unum þar, sjómannalífi, sem
eðlilegt er, fremur óreglusamt
og slarkugt. Svo er aftur inn-
an um stór býli mjög mynd-
arleg, t.d. Laugarból, Ögur,
Ás, Vatnsfjörður, Arngerðareyri,
Æðey, Vigur og mörg og mörg
fl. — Eins og áður er áminnst,
er fólk í Vestur sýslunni
mikla jafnara og prúðmann-
legra; en því miður þekki
ég þar enga staðhætti í fjörð-
unum og get því ekkert sagt
um þann hlutann.
Það hafa verið innan um

miklir menn við Djúp. En drykkju-
skapur hefir þar verið mikill og er
enn. — Ekkert vínsöluhús er á
Ísafirði; templarar kváðu það
niður aldamótsárið. Tvær Good-
Templarstúkur eru í kaupstaðn-
um og ein í Bolungarvík; en
það er drukkið mest í kringum
þær; vinna þær lítið á, því
þær eru af svarnar, en vín-
áhrifin þar mikil. —

V.

Ég hefi nú tínt til ýmislegt
um fólk og land, í þeim sýsl-
um, sem ég hefi ferðast um
og dvalið í, en því miður er
það allt í molum. Hefi ég orðið
að stökkva í þetta ritverk í
hjáverkum mínum. En ég hefi
reynt að lýsa því svo rétt sem
frekast var unnt. Um Eyja-
fj. — Skagafj. — og Húnavatns-
sýslur hefi ég með vilja, ekkert
sagt, því þær eru lesendunum
svo kunnugar. Enda hefði það
orðið of langt mál.
En áður en ég lýk við rit-
gerð þessa, vil ég leyfa mér að
fara nokkrum orðum um

æfi hennar í einni heild.
Þegar maður hugsar nú um allt þetta svið, frá Seyðisfirði og vestur á Ísafjörð, þá er það margt, sem því öllu er sameiginlegt, sem sérstaklegt er. Allstaðar er áhugi og stríð fyrir lífinu; allstaðar er fátækt innanum, sjúkdómar, [illegible] og dandi. Allstaðar eru skuldir og vandræði. Allstaðar er umkvörtun um fólksleysi. Allstaðar er Ameríkuhugur. Allstaðar er fljúgandi ferð í fólkinu, sem vitnar það, að komin er óeirð í þjóðina. Og allstaðar er mikill skortur á trúrækni. Siðbreyting er aftur mikið mismunandi, því eins er, siðum í hverri sveit. Og getur hún orðið svo mikil, að maður er hálf hissa, að hjá jafnlítilli þjóð, skuli vera svo margir hættir, mismunandi.
Gestrisni er almenn; og fýsn í skemmtanir eða réttara að segja, í dans. Það er eins og unga fólkið vilji ekki annað sér til skemmtunar. Dansfýsnin er orðin ótakmörkuð, ljót og tíðarfarið.

Það er aðallega þrennt, sem vinnur þjóðinni mein: deyfð og ræktarleysi við trúna, við kirkjuna; óeirð í fólkinu og sundrung. Trúleysið, er aðalmeinið. Hin sanna kristilega trú, heit og viðkvæm, er grundvöllurinn sem allt annað verður að byggjast á, eigi allt að fara vel og verða farsælt. Öll þau heimili, sem sönn og lifandi trú er á, þau skara langt fram úr hinum. Á slíkum heimilum er farsælt að vera fyrir börn og vinnuhjú og hvergi er eins sælt og greiðlegt að kenna, sem á þeim heimilum — en því er ver, þau eru orðin fá hjá þjóðinni. Kristindómskennslan er gagnslaus, án þeirra. Fyrstu góðu áhrifin á barnið, vara lengst. — Það er eins og mörgum þyki nú orðið, minnkun að því að tala við guð. Húslestrarnir eru algjörlega að hverfa úr tímanum; það er bara einstaka bær, sem lesið er á eftir reglu. En með brottför þeirra tapast svo margt og mikið af

heimilis dýrmætinu, að það stend-
ur þeim voði af því, í trúarlegu
tilliti. En það er beint hús-
bændunum að kenna. En með
því leiða þeir oft og einatt ófarsæld
yfir heimilislífið. — Það er eftir-
tektarvert að sjá, þegar allt heim-
ilið tekur einlæglega þátt í þess-
ari fögru heimaguðsþjónustu
með söng og bænahaldi. Og allir
eru *eitt*, á meðan á því stendur.
Og ég er viss um að guð blessar
hvert slíkt heimili.
Ég hefi oft orðið var við það, að
glaumur og máske rifrildi, hafa
fylgt mönnum til hvílu, í stað
bænahalds. — Getur hver góður
og samviskusamur maður séð,
hvort farsællara muni vera!
Eitt er óneitanlegt, að heimilis-
guðrækin styður fast að kirkj-
ugöngunni. — —
Á leið minni, frá Húsavík
og hingað vestur í Skagafjörð,
gisti ég á 35 bæjum í vetur.
Á að eins 5 bæjum þeim, var
lesinn kvöldlestur: Sílalæk (við
hlið Guðmundar Friðjónssonar
á Sandi!), Glæsibæ við Eyja-
fjörð, Uppsölum, Miklabæ
og Hrólfsstöðum í Blönduhlíð.

Eftir þessu hefði átt að vera lesið
á 7. hverjum bæ, en það er svo
langt frá því að svo sé. Eftir
því sem ég hefi næst komist, ~~oft~~,
er í sumum sveitum að kalla
alveg hætt við að lesa; gott, sé
það gert um helgar eða hátíðir.
Aldrei heyrði ég lestur lesinn í
það hálft annað ár, sem ég var
við Ísafjarðardjúp, — það voru
engar slíkar bækur til, þar sem
ég var, og fjarska lítil tilfinn-
ing fyrir kristindóminum. Trúin
snérist öll um þorskinn! Og
máske um hestana, hjá þeim sum-
um í Skagafirði?! — Það er
auðvitað, að trú verður að vera
í öllu, sem í lag skal koma;
en fari kristindómstrúin úr
hjarta þjóðarinnar, þá um leið
er hún (þjóðin) gjörsamlega að
fortapast. Því engin sönn
menntun eða sönn framför,
getur orðið, án lifandi kristin-
dóms. Þetta sannar saga þjóð-
anna. — — —
Þá kemur að öðru atriðinu:
*óeindir* í þjóðinni. Og mun
hún eiga rót sína í trúleysinu.

Það er engu líkara en sumar
sveitir ætli algjörlega að verða
fólkslausar. Sumt af fólkinu
fer til Ameríku, sumt í kaup-
staðina og til sjávarins, og enn
margir sem eru á einlægu flugi.
Það eru helst þeir í kirkjugörð-
unum, sem eru kyrrir.

Helsta ráðið við þessu meini,
er það, að góðir og vel hæfir
menn til þess, færu um landið
og héldu fyrirlestra, sem hefðu
þau áhrif, að fólkið yrði
spakara og færi að dreifast
aftur upp í landið. Kúgun og
ofríki duga ekki. — — —
Þriðja meinið er sundrungin.
Það er stórt spursmál fyrir fram-
för landsins, að þjóðin haldist
sem allra mest saman í málun-
um. En það er öðru nær.
Ekki þarf að kenna Ameríku um
það eða för manna þangað, því
nóg er eftir hér af fólki. Hvar
sem maður fer um landið
er að kalla hver hönd uppi
á móti annari, bæði í and-
legu og verklegu tilliti. Í stjórn-
málunum eru sæmlega skiftar

skoðanir og í mörgu því verk-
lega líka; skiftar skoðanir í hér-
um bil öllu. En það er ekkert
mein. Það er eðlilegt og þarf ein-
mitt að vera. — Postulinn Páll
segir: „Reiðist — en syndgið ekki".
Það er eðlilegt þótt mönnum
geti þótt fyrir og runnið í skap
— það fylgir manneðlinu, og ekki
vildi ég vera fyrstur maður til
þess, að bannsyngja reiðina í
burtu úr heiminum — en það er
svo nauðsynlegt, svo agull fal-
legt, að syndga ekki með henni,
því afleiðing syndar þeirrar
verður svo oft, hatur.

Þegar maður aðgætir nú vel
líf þjóðar vorrar, þá er sundr-
ungin nú orðin svo mikil, að
hún má ekki verða meiri.
Hún er orðin sannarlegt mein
í þjóðlíkamanum: Skoðana-
munurinn hefur gengið of
langt, svo langt, að af honum
hefur myndast persónulegt hat-
ur. Bestu og færustu menn
þjóðarinnar berast á bana-
spjótum, í andlegum skilningi.
Þetta skoðanastríð, ætlar að
ganga nærri eins fast að þjóð-
inni, sem Sturlungaöldin.

Menn reiðast — og syndga. Það er
hægt að rekja hinar illu afleið-
ingar, sem sprottið hafa af skað-
næmum manna nú á ýmsum
málum, um allan þjóðlíkamann.
Þær slæmu afleiðingar eru bún-
ar að sparka honum allan út og
traðka, særa hann og eitra.
Slíkar afleiðingar, eru komnar
að kalla inn á hvert heimili;
inn á hvern mannfund; inn
í kirkjuna. Hugsunarháttur-
inn er orðinn spilltur. Menn
tala illa hver um annan og
níða hvern annan. Dagblöðin
bera þess ljós vitni. Þau eru
þrungin sí og æ af skömmum.
Kosningabaráttan hefir verið
ekki minnst orsök í þessu. Þar
hafa menn barist með algerlega
óleyfilegum vopnum. Sviksam-
legum og vita ókristilegum. Og
ég hefi horft á kennimenn krist-
indómsins gera sig stóra seka
í þessu efni. Verzlanirnar
hafa fullkomlega beitt valdi
sínu og kúgað menn til hlýðni.
Af öllu þessu hefir sprottið
óvild og fjandskapur víða.
Valdafýsnin og margt fl. hefir
eins og strykað yfir dyggð og sam-
visku manna. — Það er vanda
að megi trúa almennilega sum-
um mönnum í sumum málum
og blöðin ljúga stundum hvert
í kapp við annað.
Allt þetta hefir sundrað þjóð-
inni; slitið í sundur bræðra-
böndin og spillt hugsunarhætt-
inum.
Hvað er lengra hægt að fara
en þangað, sem menn selja
sannfæring sína? Og það er
orðið all-títt hjá okkur.
Það vantar <u>trú</u>, <u>kristilega</u>
<u>trú</u>. Án hennar lífið siðspill-
andi og allt í sundrung. —
— Ég hefi minnst á <u>trúleysið</u>,
<u>óeirðina</u> og <u>sundrung</u> þjóð-
arinnar. Hér finnst mér, að
geti verið efni fyrir menn
að rita um og spreyta sig á.
Og það er nauðsynlegt, að ræða
um slíkt. Ég veit það, að þeir
eru svo margir, sem vilja
heill og sóma þjóðarinnar
og landsins —; ættu menn
því ekki að þegja um þau
sárin, sem dýpst standa.
Það er engin framför í því,
engin lækning, að bera lyf

á þá staði líkamans, sem lítið eru sjúkir, en ganga fram hjá aðal-meininu. Þau sár, sem við sjálfir höfum verið orsök í, ættum við að reyna að græða. Það er skylda okkar.

Við einblínum, á Ameríku-ferðinni, á ýmislegt sem er fyrir utan okkur sjálfa. Við viljum sækja og græða landið — en gleymum okkur sjálfum. Gleymum því, að við sjálfir erum Þrándur í Götu. Það þarf fyrst gott hjarta. Hjörtu þjóðarinnar verða að vera ósjúkt, samvizka hennar góð, sannfæringin hrein og stöðug, bróðurkærleikurinn heitur — og trúin lifandi og söm.

Þá blessar guð okkar feðra frón og gefur okkur sigur í hinu sanna, fagra og góða

Ritað í janúarmánuði 1904.
Baldvin Bergvinsson.

Búnaðarfélag Akrahrepps.

—a—

Herra. Sigurður bóndi Jónsson í Sólheimum hefur ritað greinarkorn í Viljann um búnaðarfélag Akrahrepps, og af því að þar er ekki alls kostar rétt skýrt frá vil jeg leyfa mér að gera dálitla athugasend við greinina.

Sigurður segir, að það sé alveg ófært eins og verið hafi siður að halda aðal-fund í félaginu undir ~~var eins og siður hafi verið.~~

Eins og fundargerðir félagsins bera með sér hefur verið um ávalt frá því félagið var stofnað verið haldinn aðal-fundur í því hinn árlega í febrúarmánuði, eða um leið og pöntunarfélags fundur hefur verið haldinn. Næstl. vetur var pöntunarfélags-fundurinn ekki haldinn fyrr en í marzm. og átti þá að halda búnaðarfélagsfund líka, en vegna tíman

leysis var ekki hægt að koma því á.
Svo var ákveðinn fundur á sumar-
daginn fyrsta, en þá komu svo fáir, að
ekki var fundarfært; um var ákveðinn
fundur í félaginu jafnlítið var hreppa-
skilum, en þá komu nærfellt engir.

Í vetur hef jeg beðið eptir pöntunar-
félagsfundi; en nú er hann ákveðinn
sama dag sem hreppsfundur, svo að
því sýnt verður, hvað búnaðarfélags-
fundur fæst þá saman, þó hef jeg
ákveðið hann þann dag. Að ákveða
búnaðarfélagsfund sérstakan hef jeg ekki
álitið að væri til neins, enda kom
það í ljós í fyrra.

Jeg skrifa þetta ekki af því, að jeg taki
illa aðfinningunum við stjórn félagsins,
því að jeg sem formaður félagsins, að
nafninu, finn að hún er lömuð og
framkvæmdarlaus, en jeg er sannfærð-
ur, að það er með fram að kenna

skipulagi félagsins, einkum því, að stjórnin
er hér um bil magnlaus gagnvart félags-
mönnum, þegar til framkvæmdanna
kemur. Hún á t.d. að ráða menn til
vinnu, en ef mennirnir eru ekki eptir
geðþótta hvers einstaks félagsmanns, þá má
allt eins búast við því, að hinir ráðn-
matur eða ráðnu menn sín ekki teknir
af ~~vis~~ félagsmönnum, heldur aðrir í þeirra
stað. Félagsskapurinn er bundinn allt of
óákveðnum takmörkum, menn geta skotizt
inn í félagið ár og ár í bili; og það er því
á reyki hverjir eru meðlimir og hverjir
ekki það og það árið.

Samt sem áður er það sannfæring mín
að félagið hafi gert mikið gagn þessi
ár, sem það hefur staðið, en það þyrfti
endurbótar við. Lögin félagsins þyrftu að
endurskoðast og koma inn í þau nýjum
fyrirmælum, sem kæmi fastari skipu-
lagi á félagsskapinn og gæfu stjórn
félagsins meira vald gagnvart ein-

staklingunum. Breyting á lögum fjelagsins í þessa átt hefur verið í smíðum, en gat ekki náð lagagildi ~~í fyrra af því at fun~~ eða orðið rædd í fyrra, af því at fundurinn fórst fyrir á sumardaginn fyrsta og vorkappa-gleðinni.

Nýr plógur, sem fjelagið á, hefur nú á annað ár setið út í Hofsós. ~~Hann~~ Hannum var ofvongá skipað þar upp. Jeg gerði tvær tilraunir í fyrra vetur með að fá hann fluttan á báti á Sauðárkrók, en misheppnuðust. Svo bauð jeg fjelagsmönnum að láta flytja hann á hesti fram eptir í sumar, en það vildu þeir ekki kostnaðarins vegna. Nú hef jeg lagt svo fyrir, að hann verði sendur með fyrstu skipsferð á Sauðárkrók. Hins vegar höfum vjer ekki gagn af plóginum nema vjer ráðum mann, sem vanur er plægingum til vinnu í fjelaginu. Sennilega mundu fjelagsmenn vilja það, ef hann væri fáanlegur, en um það verðum við að tala nú á aðalfundinum, þótt tíminn verði að líkindum stuttur.—

Skrifað 8. marz 1904

Björn Jónsson

## Frá meir en einni hlið.

Í 7. tölublaði Viljans, kemur einhver huldu-kvenmaður fram á ritvöllinn og gjörir þar að umtalsefni sínu, vísu eptir mig, sem stóð í 4. blaðinu.

Þó grein þessi sje heldur meinlaus, og alls ekki „klunnalega" orðuð, þá finn jeg mjer skylt að fara nokkrum orðum um málefni það, er kvenmaðurinn gjörir að umtalsefni sínu — vísuna.

Vísan er, einsog hún ber með sjer <u>Tækifærisvísa</u>.

Tilefnið, til þess, að hún kom út í Viljanum, var það, að þá er jeg ætlaði að senda blaðið frá mjer, var síðasta blaðsíðan auð. Jeg fór því að leita í ruslakistu minni, og varð þessi vísa fyrst fyrir mjer. Jeg

skrifaði hana því hugsunarlaust í eyðuna, án þess að, jeg ætlaði að meiða nokkurn þar með. En svo kemur þessi rödd, hvort sem hún er úr suðri eða norðri, og lætur ánægju sína í ljósi, yfir því að láta þetta „vísu-tetur" sjást í Viljanum.
Af því að þessari umræddu vísu minni hefur hlotist sá heiður að vera tvískrifuð í Viljanum, þá er víst lesendunum hún svo kunn að óþarfi er að taka hana hjer upp.
Um fyrri part hennar ætla jeg að vera fáorður. Flestir munu kannast við það, að ekkert óráð sje að fylgja heilræði því, sem hann gefur, og þó „kvennmanninum" þykti það vera „klaufalegt" orð, að „pramma", þá hygg jeg mjer ekki uppi við það. Við erum enn þá bundnir við jörðina, og þó það láti betur í eyrum að „hoppa og dansa syngjandi yfir hóð og dal", þá eru það færri sem geta leikið sjer þannig. Flestir hafa einhverja byrði að bera, og þá er ekki eðlilegt, að þeir hoppi hátt. Jeg fyrir mitt leyti, gjöri mig ánægðan með, að pramma veginn til enda, ef mjer verður ekki opt fótaskortur.
Þá er síðari parturinn. Hann varar við, að byggja von sína á lekum báti, blíðu kvennanna.
Það getur komið fyrir að ekki sje um annað að gjöra, en að byggja alla lífsvon sína á lekum báti, og það eru dæmi til þess, að hann hefur skilað formönnunum með heilu og höldnu í tvísýla lendingu, en alt fyrir það, munu fæstir vilja leggja frá landi, á slíku fari, ef annars er kostur.
„Kvennmanninum" þykir jeg gjöra lítið úr „blíðu kvennanna" yfir leitt, að án undantekningar en það er alls ekki

því það eru ekki allir bátar lekir

Vísuhelmingurinn varar aðeins við því að byggja ~~[illegible]~~ von sína á kvennmanni, sem hefur aðeins gallaða ást að bjóða. Og að draga út úr því þá ályktun, að höfundurinn tali til fjöldans, er algjörlega rangt. Allir, sem hafa opin eyru og augu hljóta að viðurkenna það, að samkomulagið milli þeirra persóna, sem eiga að vera „einn maður" er ekki ætíð eins og það á að vera, en þar fyrir dettur mjer ekki í hug að dæma, hvor sekari sje, því „sjaldan veldur einn þegar tveir deila." Stundum er sektin á þessa hliðina, aptur í öðru tilfelli á hina, svo aðalreikningurinn jafnast, að lokindum.

Jeg er alls ekki að hæla þessari umræddu vísu minni, en mjer finnst, að samt hafi staðið í Viljanum, bæði í bundnu og óbundnu máli, sem alls ekkert tekur henni fram, og kannske í garð kvennþjóðarinnar, en sem ~~hann~~ hefur tekið við þegjandi.

Kvennmaðurinn segir með öðru góðu, að jeg muni lítið geta sagt af ástæðuleysi kvennanna fyrir mína eigin reynd. Jeg ætla eigi að fara að ~~skr~~ skripta í þetta sinn, en segi það aðeins, að jeg álít að hún þekki ekki svo lífssögu mína, að hún geti slegið þessu föstu. Ef vjer á hinn bóginn sæum ekki annað, en það, sem gjörist hjá okkur sjálfum, þá yrði þekking okkar ekki á marga fiska.

Hálfskritin finnst mjer klausan hjá kvennmanninum, um það, hvað illt sje fyrir stúlkurnar að forðast okkur karlmennina, og tæplega samboðið kvennmanni að láta það sjást eptir sig í blaði.

Þá kemur meginin málsins,—
skáldskapurinn
Öndvegið skipa þær tvær vísur
eptir S(imon) B(jarnason) auðvitað hól
um kvennþjóðina. Ljettar og liðugar,
en jafnframt, lítt grundaðar, einsog
margt hjá þessum alkunna
rímara. Svo koma fjórar vísur „eptir
Kúlku", sem eiga að vera sýnishorn
af skáldskap kvennþjóðarinnar.
Um þær segi jeg ekki annað en
það, að þær eru ekkert sýnishorn
af því að kvennþjóðin hafi fínni
tilfinningar en vjer karlmennirnir.
Að öðru leyti eru þær ekki verri
en annað andlaust rugl, sem
vjer heyrum dags daglega, og
hver og einn getur soðið saman, með
löngum tíma.

Jeg ætla nú ekki að orðlengja um
þetta mál. Aðeins taka það fram að
jeg hefði ekki svarað grein kvenn-
mannsins, ef vísan hefði ekki verið
misskilin, en Viljanum hefur orðið
það fyrir ári, svo þar samast máls-
hættinum: að „fátt er svo í öllu
illt, að ekki fylgi nokkuð gott".
Og þó jeg hafi hjer að framan leitast
við að leiða rök, að því, að sumt í
grein „konunnar" sje á veikum
rökum byggt, þá er jeg henni
þakklátur fyrir það, að hún ljet
þetta álit sitt í ljósi í Viljanum
Jeg virði það við hvern og einn
sem hefur einurð á að láta skoðanir
sína koma fyrir almennings sjónir,
en sendir þær ekki með „Gunnu" og
„Jónka", bæ frá bæ og lætur þær
þannig ávaxtast, þar til úlfaldi
er orðinn úr mýflugunni.

Jónas Jónasson

# Ekki verdur á allt kosid.

Með þessari fyrirsögn er grein
eptir S. Jónsson í 7. bladi Viljans.
Grein þessi er að mestu leyti um
lestrarfjelagið og er að mínu áliti
margt gott og rjett sagt í henni
En samt sem áður skal jeg leifa
mjer að láta það álit mitt í ljósi
að höfundur nefndrar greinar, hefði
n eða getað verið búinn að afla
sjer upplýsingar um, hvort það væri
rjett, sem jeg skrifaði í annað
blaðið, nefnilega það, að bók úr
fjelaginu, hafi verið á einum bæ
í 6 vikur, án þess að henni
hafi verið skilað, á þeim tíma.
Og af því jeg veit ekki hvort
S. Jónsson tekur orð mín trúanleg
fremur nú en áður, í þessu
efni, þá sje jeg ekki annað betra

en að biðja hann að líta í
bók fjelagsins, því jeg er
ekki í neinum efa um það, að
þar fær hann vissu fyrir því, að
hvað þetta mál snertir, hef jeg
ekki farið lengra, en rjett er.
Að öðru leyti finnst mjer ekki
S. Jónsson bera gott traust til
bókavarðar, að hann skyldi láta þessa
setningu eptir mig, standa ómót-
mælta, ef hún hefði verið skökk.
Annars furðar mig á því
að S. Jónsson skuli ekki vita
að einmitt þetta mál var
allmikið rætt á fundi í vetur,
því þó hann sjálfur væri
ekki á þeim fundi, hefði hann
getað fengið upplýsingar um
það hjá meðritstjórum sínum,
sem allir voru þar til staðar.
Að öðru leyti leifi jeg mjer að
vísa til fundargjörðarinnar.

# Ekki verður á allt kosið

Með þessari fyrirsögn er grein
eptir S. Jónsson í 7. blaði Viljans.
Grein þessi er að mestu leyti um
lestrarfjelagið og er að mínu áliti
margt gott og rjett sagt í henni.
En samt sem áður skal jeg leyfa
mjer að láta það álit mitt í ljósi
að höfundur nefndrar greinar, hefði
n[ú] eða getað verið búinn að afla
sjer upplýsingar um, hvort það væri
rjett, sem jeg skrifaði í annað
blaðið, nefnilega það, að bók úr
fjelaginu, hafi verið á einum bæ
í 6 vikur, án þess að henni
hafi verið skilað, á þeim tíma.
Og af því jeg veit ekki hvort
S. Jónsson tekur orð mín trúanleg
fremur nú en áður, í þessu
efni, þá sje jeg ekki annað betra
ráð, en að biðja hann að líta í
útlánsbók fjelagsins, því jeg er
ekki í neinum efa um það, að
þar fær hann vissu fyrir því, að
hvað þetta mál snertir, hef jeg
ekki farið lengra, en rjett er.
Að öðru leyti finnst mjer ekki
S. Jónsson bera gott traust til
bókavarðar, að hann skyldi láta þessa
setningu eptir mig, standa ómót-
mælta, ef hún hefði verið skökk.
Annars furðar mig á því
að S. Jónsson skuli ekki vita
að einmitt þetta mál var
allmikið rætt á fundi í vetur,
því þá hann sjálfur væri
ekki á þeim fundi, hefði hann
getað fengið upplýsingar um
það hjá meðritstjórum sínum,
sem allir voru þar til staðar.
Að öðru leyti leyfi jeg mjer að
vísa til fundargjörðarinnar.

Til sönnunar máli mínu.

Síðast skal jeg láta þá
von mína í ljósi að S.
Jónsson, verði búinn að afla
sjer upplýsingar í þessu ma
á þeim stað er honum þyk
ir fullnægjandi, fyrir næsta
fund, svo hann, geti gjört
það að fundarmálefni.

Það er áreiðanlega margt í
fjelaginu okkar, sem þyrfti
umbóta við. Andlega lífið er
dauft og dofið, en hverjar eru
orsakirnar? Þessa spurning
þarf hver fjelags maður að
leggja fyrir sig, svo framarleg
sem honum er ekki sama um
þó allt gangi á trjefótum.

Jóhannes J